

17. janúar Raufarhafnarganga (einn skór) 🥾

Gengið verður um Höfðann, eða Ásinn, upp í Heimskautsgerði eða innanbæjar, allt eftir veðri og snjóalögum. Það er magnað að koma í Heimskautsgerðið á veturna, eða ganga um Höfðann. (5 km)
Mæting kl. 13:00 við Ráðhúsið á Raufarhöfn.

22. febrúar Kelduhverfi (einn skór) 🥾

Á konudaginn verður gengið meðfram Litluá í Kelduhverfi. Eftir gönguna verður farið í konudagskaffi á Hótel Skúlagarði í boði Ferðafélagsins. (6 km)
Mæting kl. 13:00 í Skúlagarð.

14. mars Aðalfundur Ferðafélagsins Norðurslóðar (einn skór) 🥾

Fundurinn verður haldinn í Öxi á Kópaskeri. Fyrir fundinn verður gengið í nágrenni Kópaskers.
Mæting í göngu kl. 13:00, aðalfundurinn hefst kl. 14.00.

3. apríl Kirknaganga í Kelduhverfi (einn skór) 🥾

Á föstudaginn langa verður gengið frá Sultum, undir veggjum og að Garðskirkju. Í göngulok verður boðið upp á hressingu og málshætti og fólk síðan ferjað á upphafsstað. (7 km)
Mæting kl. 13:00 að Sultum.

30. maí Kverkártunga við Langesströnd (tveir skórir) 🥾🥾

Lagt verður af stað innan við bæinn Miðfjarðarnessel, gengið upp með Miðfjarðará og upp að bæjarstæði Kverkártungu. Síðan til baka niður með Litlu Kverká. (9 km)
Mæting kl. 11.00 við aflegjarann að Miðfjarðarnesseli og ekið að upphafsstað göngunnar.

15. – 19. júní Raufarhöfn og nágrenni (einn skór) 🥾

Fimm daga bækistöðvarferð. Raufarhöfn er þorp við heimskautsbaug með mikla sögu og birtan er töfrandi á Melrakkaslétu um sólstöðurnar. Gengið verður á tvo nyrstu tanga landsins og komið á söguslóðir Fóstbræðrasögu.

1. dagur, mánudagskvöld: Þátttakendur mæta í Gistihúsið Hreiðrið á Raufarhöfn á Melrakkaslétu og koma sér fyrir. Kl. 20:00 er fundur með fararstjóra um dagskrá næstu daga.

2. dagur: Á og í kringum Raufarhöfn. Gengið meðfram höfninni, að vitanum, um Höfðann, upp að Heimskautsgerði, niður á Klifin, yfir Ásinn, niður að sjó og heim aftur. (10 km.) Síldarsögur og aðrar sögur.

3. dagur: Nyrstu tangar landsins. Ekið út á Melrakkaslétu, gengið út á Hraunhafnartanga, og að Rifi á Rifstanga. (14 km.) Fóstbræðrasaga og búskaparsaga.

4. dagur: Ekið suður fyrir Deildará og gengið upp með ánni, síðan fram Bæjarásinn, út á Hólshöfðann og meðfram sjónum að upphafsreit. (11 km.) Fallegar flúðir og sjávarsýn.

5. dagur: Gengið út á Súlur sunnan Raufarhafnar. Komið við í Krókshöfn og Súlnahöfn. (7 km.) Nauðsynlegt er að skrá sig í ferðina í síðasta lagi 15. maí. Skráning á ffnordurslod@simnet.is.

Verð: 80.000 / 86.000. Innifalið: Gisting í uppbúnum rúmum, 3x kvöldmatur, göngukort og fararstjórn.

19. júní Sólstöðuganga við Öxarfjörð (einn skór) 🥾

Lagt er af stað síðla kvölds og gengið inn í bjarta sumarnóttina. Gangan er hluti af Sólstöðuhátíð á Kópaskeri. Nánar auglýst síðar.

27. júní Eiðisvatn á Langesi (einn skór) 🥾

Gengið kringum Eiðisvatnið sem liggur í Eiðisskarðinu. Við leitum að súrparagryfjum Daníels á Eiði og gætum rekist á kafbát. Sagt frá smalamenskum í skarðinu og fleiru. (7 km)
Mæting kl. 13:00 við afleggjarann að Eiði.

4. – 9. júlí Náttúra og saga í Kelduhverfi (einn skór) 🌿

Kelduhverfi geymir marga fallega staði, í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum og víðar í sveitinni. Sex daga bækistöðvarferð í fallegu umhverfi þar sem við njótum náttúrunnar í rólegheitum. Gist er í gistihúsinu Vegg í Kelduhverfi.

1. dagur, laugardagskvöld: Kvöldmatur á Vegg kl. 19:00, fundur um komandi daga kl. 20:00.

2. dagur: Í kringum Lónin vestast í Kelduhverfi. Gengið verður frá Fjallahöfn suður hlíðina vestan Lónanna en þaðan er gott útsýni yfir Lónin. Sunnan Lónanna verður litið eftir uppsprettum og svo verður hringnum lokað með því að ganga norður Flæðarnar austan Lónanna. (11 km.)

3. dagur: Við öikum að Garði í Kelduhverfi og göngum inn í heiðina sem geymir margt skemmtilegt, að Hraunstakkaborg sem er sérstök náttúrusmíð. Við lítum einnig á Skjálftavatnið og göngum meðfram Veggnum og Veggjargjánni. (9 km.)

4. dagur: Svínadalshringur í Vatnajökulspjóðgarði. Skammt suður af Vesturdal liggur Svínadalur, harðbýl en grösug jörð þar sem búið var við fábrottnar aðstæður allt til 1946. Þar tengdust maður og náttúra í samhljómi og átökum, í blíðu og stríðu. Fjölmargar mannvistarleifar og örnefni bera því vitni og segja sögu af horfnum heimi. Komið að Karli og Kerlingu, Kallbjargi og Svínadal áður en hringnum verður lokað í Vesturdal. (7 km.)

5. dagur: Ekið í Vesturdal og gengið þaðan um Hljóðakletta, Rauðhóla og Klappir niður í Ásbyrgi. Frábært útsýni yfir gljúfrin og Ásbyrgið, einstakar jarðmyndanir, jarðsaga og fjölbreytt lífríki. (14 km.)

6. dagur: Kveðjustund og brottför.

Nauðsynlegt er að skrá sig í ferðina í síðasta lagi 1. júní. Skráning á ffnordurslod@simnet.is. Verð: 130.000 / 136.000 Innifalið: Gisting í uppbúnum rúmum, fullt fæði, akstur, göngukort, fararstjórn.

19. júlí Grenjanesviti á Langanesi (einn skór) 🌿

Gengið út að Grenjanesvita, skimað eftir selum og fuglum. Skoðum ýmis mannvirki og menningarminjar. Heimsækjum vitann og borðum nesti þar. (9 km)

Eftir göngu er upplagt að koma við í Sauðaneshúsinu og fá sér kaffi og pönnuköku.

Gangan er hluti af dagskrá Bryggjudaga á Þórshöfn.

Mæting kl. 13:00 við gamla flugvöllinn hjá Sauðanesi.

22. – 27. júlí Langanes – Fontur (tveir skór) 🌿🌿

Ferð um friðsæla byggð sem var og eyðiporð með mikla sögu, um lífleg fuglabjörg og út á ysta odda Langaness. Á köflum er gengið um óslétt land og þýfða móa og þurfa þátttakendur að vera í góðri göngubjálfun. Gist í fimm nætur á fallegu gistiheimili á Ytra Lóni.

Ekki er gert ráð fyrir sameiginlegum mat fyrsta kvöldið. Á Ytra Lóni er lögð áhersla á að nýta afurðir býlisins. Ekki er hægt að verða við beiðni um sérþarfir er varða mat.

1. dagur, miðvikudagskvöld: Mæting á Gistiheimilið Ytra Lón á Langanesi.

Þátttakendur koma sér fyrir. Kl. 20:00 er fræðslustund og farið yfir dagskrá næstu daga.

2. dagur: Gengið frá Sauðanesi út í Grenjanesvita. Á leiðinni eru margvísleg mannvirki og menningarminjar. Í lok ferðar er komið við í Sauðaneshúsi og síðan haldið að Ytra Lóni þar sem heiti potturinn og kvöldmaturinn bíða. (9 km.)

3. dagur: Gengið um svokallaðan eyðibýlahring og fræðst um sögu bæjanna og byggðarinnar, gróðurinn, fuglana og fjöllin. (15 km.)

4. dagur: Gengið með sjónum frá Lambanesi út að Heiðarhöfn, um Heiðarnesið og til baka eftir Messumelnum. Rekaviður og fallegar fjörur, fullar af lífi. (16 km.)

5. dagur: Ekið upp á Heiðarfjall og ummerki ratsjárstöðvar varnarliðsins skoðuð. Síðan niður í Hrolllaugsstaði en þaðan er gengið um Kumblavík og Skálabjarg að eyðiporpinu Skálum. (12 km.) Frá Skálum er ekið út á Font, komið við á Skoruvíkurbjargi sem iðar af fugli og litið á súlubyggðina í Stóra-Karli. Ekið til baka að Ytra Lóni.

6. dagur: Eftir morgunmat er haldið heim á leið.

Nauðsynlegt er að skrá sig í ferðina í síðasta lagi 20. júní. Skráning á ffnordurslod@simnet.is. Verð: 139.000 / 145.000. Innifalið: Gisting í uppbúnum rúmum, fullt fæði, akstur, göngukort, aðgangseyrir og fararstjórn.

8. ágúst Grasgeiri og Grashóll á Melrakkaslétu (einn skór) 🥾

Gengið verður á milli eyðibýlanna Grasgeira og Grashóls á Slétu. Á báðum bæjum verður sögustund og fræðst um liðna tíð. (14 km)

Eftir gönguna er kjörið að fara í sund og gufu á Raufarhöfn.

Mæting kl. 11:00 við stjórnsýsluhúsið á Raufarhöfn til að sameinast í bíla.

12. september Óttarshnjúkur í Þistilfirði (einn skór) 🥾

Ganga á Óttarshnjúk er tiltölulega auðveld og þaðan er gott útsýni til allra átta.

(8 km, um 250 m hækkun)

Mæting kl. 13:00 við afleggjarann að Öxarfjarðarheiðinni að austan.

Október Súlur sunnan Raufarhafnar (einn skór) 🥾

Gengið verður á Súlurnar að ofanverðu, dáðst að útsýninu og leitað að vötnum. Þægileg og skemmtileg ganga.

Mæting kl. 13:00 við stjórnsýsluhúsið á Raufarhöfn til að sameinast í bíla. (7 km.)

Gönguferðin er hluti af dagskrá menningardaga á Raufarhöfn og ræðst dagsetningin af þeim.